

Staðfesting konungs á stofnskrá fyrir Dánarsjóð Emils Tvede, lyfsala, **131**
 handa þurfandi og maklegum mönnum, er teljast til lyfsala, eða læknastrjettar á 6. júní
 Íslandi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðgjafanum fyrir Ísland.

Stofnskráin er þannig:

Stofnskrá

fyrir Dánarsjóð Emils Tvede, lyfsala, handa þurfandi og maklegum mönnum, er teljast til lyfsala eða læknastrjettar á Íslandi.

1. gr.

Stofnfje dánarsjóðsins er 1000 krónur, er ávaxtast í »Söfnunarsjóði Íslands«.

2. gr.

Fertugasta hluta af vöxtunum skal á ári hverju bæta við höfuðstólinn. Hina ³⁹/₄₀ hluti, er af ganga, skal á ári hverju veita manni, er telst til lyfsala- eða læknastrjettar á Íslandi og á við bág kjör að búa, án þess honum sje sök á kennandi, eða ekkju eða ókvæntri dóttur manns af því tagi. Ef enginn umsækjandi gefur sig fram, eða ef stjórn sjóðsins álitur, að ei sje hægt að taka tillit til neins af umsækjendum, skal leggja alla vexti þess árs við höfuðstól.

3. gr.

Umsóknum um styrk þennan á að skila formanni stjórnar sjóðsins fyrir lok hvers árs, og verður styrkurinn þvínæst veittur í næstkomandi febrúar-mánuði eða svo fljótt, sem unnt er. Sami maður getur notið styrksins mörg ár í röð, en hann verður árlega að senda umsókn um hann til stjórnar sjóðsins.

4. gr.

Í stjórn sjóðsins eru landlæknirinn yfir Íslandi, sem er formaður stjórnarinnar, handhafi lyfjabúðarinnar í Reykjavík, ef hann er fús til þess, hver sem hann er, en ef hann ekki er fús til þess, kemur í stað hans maður kjörinn af landshöfðingja, og að lokum þriðji maður, er valinn sje af hinum tveimur öðrum stjórnarmönnum. Meðan hinn núverandi rektur er í Reykjavík, dr. phil. Björn M. Ólsen, er fús til þess, er hann hinn þriðji maður í stjórninni.

Á ári hverju, þá er styrknum hefir verið úthlutað, skal gjöra landshöfðingjanum yfir Íslandi reikningsskil og láta þau koma fyrir almenningssjónir í Stjórnartíðindum fyrir Ísland.

5. gr.

Hinn núverandi fyrsti aðstoðarmaður í Reykjavíkur lyfjabúð, Sigtryggur Sigurðsson, hefir rjett á að njóta styrks þessa, meðan hann er á lífi.

Helsingjaeyri 8. apríl 1899.

A. Tvede.

Laura Tvede.

I. C. Tvede.

Jörgen D. Tvede.

Anna Möller,
födt Tvede.